



VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Fundur Vísinda- og tækniráðs 20. desember 2010

SIÐAREGLUR FYRIR ÍSLENSKT VÍSINDASAMFÉLAG

Á fundi Vísinda- og tækniráðs þ. 25. júní s.l. lagði ráðið til að lagður yrði grunnur að skýrum siðareglum sem fjalli um góð vísindaleg vinnubrögð, hagsmunaárekstra og önnur siðferðisleg álitamál sem tengjast rannsóknum og nýsköpun. Á fundinum var samþykkt að fela Rannís að safna gögnum um siðanefndir og viðbrögð við misferli í samráði við sérfræðinga á sviði siðfræði og vísindalegra vinnubragða og gera tillögu um aðgerðir.

Í tillögum Rannís er lagt til að skipuð verði sjálfstætt starfandi nefnd um vísindasiðferði sem heyri undir ráðuneyti vísinda. Hlutverk nefndarinnar yrði einkum ráðgefandi en bæði væri hægt að vísa málum til hennar og hún gæti rannsakað mál að eigin frumkvæði. Lagt er til að nefndin skuli skipuð sérfræðingum af ólíkum sviðum innan sem utan vísindasamfélagsins. Hlutverk nefndarinnar yrði einnig að upplýsa stjórnvöld, almenning og vísindasamfélagið um vísindasiðfræði og viðhalda umræðum um vandamál sem eru tengd siðferði rannsókna og vísinda, m.a. með því að halda ráðstefnur, fundi, málstofur og kynningar.

Vísinda- og tækniráð tekur undir tilögur Rannís og samþykkir að fela Rannís að vinna málið áfram með því að efna til víðtæks samráðs innan háskóla- og vísindasamfélagsins.

Rannís skili útfærðum tillögum að skipun og reglum siðanefndar á desemberfundi Vísinda- og tækniráðs 2011, en gerð verði grein fyrir framgangi á vorfundi ráðsins.